

Ísafjörður

Minni hagnaður hjá Póls

Hagnaður Póls hf., á Ísafirði nam um einni milljón króna fyrstu sex mánuði þessa árs, sem er nokkuð lakari afkoma en gert hafði verið ráð fyrir. Heildarvelta fyrirtækisins nam 71 milljón króna og hækkaði eiginfjárlutfall úr rúmum 36% í árslok 1996 í rúmlega 41% í lok júní.

Um 80% af tekjum Póls er vegna útfluttra tæknivara og hefur óhagstæð gengisþróun rýrt tekjur félagsins en þar vegur lækkingu gengi norsku krónunnar þungt. Ekki liggja fyrir samanburðarhæfar tölur fyrir fyrstu sex mánuði síðasta árs en hagnaður ársins 1996 nam rúmum sjö milljónum króna. Væntingar eru um betri afkomu á seinni hluta ársins.

Golf

Kristinn vann

Júlíusar Brand mótið í golfi fór fram á Tungudalsvelli sl., laugardag. 21 keppandi tók þátt í móttinu, en leiknar voru 18 holur með og án forgjafar. Kristinn Þ. Kristjánsson sigraði án forgjafar á 81 höggi, annar varð Egill Sigmundsson á 84 höggum og þriðji Pétur H.R. Sigurðsson, einnig á 84 höggum.

Gunnlaugur Einarsson sigraði með forgjöf á 63 höggum nettó, annar varð Kristinn Þ. Kristjánsson á 66 höggum og þriðji Samúel Einarsson á 68 höggum nettó. Mótaröð Golfklúbbs Ísafjarðar lýkur nk., laugardag með hinni árlegu Bændaglímu sem hefst kl. 14. Á móttinu verða leiknar 9 holur í „létum dúr“ milli tveggja liða þ.e. liðs formanns klúbbsins og liðs formanns mótanefndar.

Að leik loknum verður grillveisla, verðlaunaafhending og gamanmál. Allt áhuga-fólk er hvatt til að mæta.

Þingeyri

25 Pólverjar hjá Rauðsíðu

Um 50 manns vinna nú hjá Rauðsíðu ehf. á Þingeyri og hefur verið stöðug og góð vinna hjá fyrirtækinu síðan það hóf starfsemi. Á mánudaginn landaði rússneskur togari um 600 tonnum af frosnum fiski í Rauðsíðu, en fyrirtækið hefur nú samtals tekið við um 2000 tonnum af rússafiski.

Um helmingur starfsmanna 50 eru Pólverjar og hafa þeir flestir komið frá Bolungarvík þar sem þeir voru í vinnu hjá Bakka hf. Samkvæmt heimildum blaðsins mun hafa verið gert samkomulag meðal Pólverjanna, Rauðsíðu og Bakka, um að verkafólkið flytti sig um set

til Þingeyrar, að minnsta kosti um tíma. Fimm íbúðir í félagslega kerfinu á Þingeyri hafa nú verið leigðar Pólverjum.

Einhver hreyfing virðist vera í sölu fasteigna á Þingeyri um þessar mundir, en nýverið seldist þar einbýlishús og íbúð í tvíbýli.

Reykhólar

Átta mánaða fangelsi

Á mánudaginn var Bjarni P. Magnússon fyrrum sveitarstjóri í Reykhólahreppi, dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í átta mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt og brot í opinberu starfi á árunum 1991 til 1994.

Bjarni var dæmdur fyrir umboðssvik í opinberu starfi með því að veðsetja eign í eigu hreppsins í eigin þágu. Einnig fyrir fjárdrátt með því að ráðstafa án heimildar milli fimm og sex milljónum króna sem voru í eigu hreppsins. Þá var Bjarni einnig dæmdur fyrir að draga sér 600 þúsund króna lífeyrisiðgjöld á kostnað hreppsins og fyrir að halda ekki eftir sem sveitarstjóri, 600 þúsund krónum af staðgreiðslu opinberra gjalda sjálfs sín.

Íslandsflug

Haustáætlun tekur gildi

Tíðni ferða hefur aukist til flestra áfangastaða Íslandsflugs með tilkomu haustáætlunar sem tók gildi 8. september sl. Íslandsflug mun sem fyrr sinna sjúkraflugi á Vestfjörðum og verður flugvél félagsins staðsett á Ísafirði allar nætur og um helgar.

Áætlunarflug frá Ísafirði verður í framhaldi af nætursetunni, og verður flogið frá Ísafirði kl. 08:00 og frá Reykjavík kl. 17:00, alla virka daga auk annarar áætlunar félagsins til Ísafjarðar. Þá verður sérstakt flug milli Ísafjarðar og Bíldudals á fimmtudögum og föstudögum. Hin lágu fargjöld sem félagið hefur boðið upp á síðustu misseri verða óbreytt í vetur, en vegna forfalla í bókunum verður nú að greiða farseðilinn við bókun.

Ísafjörður

Augnlækni á HSI

Þorkell Sigurðsson, augnlækni verður með móttöku á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði dagana 22. - 26. september.

Tímamantanir hjá Þorkeli eru í síma Heilsugæslustöðvarinnar 450 4511, alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Á öðrum tímum eru ekki gefnar upplýsingar um þjónustuna.



Safnahúsið Ísafjörðarbæjar.

1. áfangi byggingu Safnahúss á Ísafirði boðinn út

Heildarkostnaður áætlaður um 98,9 milljónir króna

Á fundi í verkefnisstjórn Safnahúss Ísafjarðarbæ, sem haldinn var á föstudag, lagði bæjarverkfræðingur Ármann Jóhannesson, fram kostnaðaráætlun vegna endurbyggingu hússins, sem hljóðar upp á 98,9 milljónir króna. Á fundinum var bæjarverkfræðingur falið að bjóða út 1. áfanga verksins í nóvember nk., en endurskoðuð kostnaðaráætlun vegna þess áfanga hljóðar

upp á 36,5 milljónir króna.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sem haldinn var í júlí var samþykkt að allri hönnunarvinnu vegna hússins yrði lokið í október á þessu ári, að 1. áfangi yrði boðinn út í sama mánuði og að 1. áfanga yrði lokið í október - nóvember 1998. Þá samþykkti bæjarráð að 2. áfangi yrði boðinn út í október 1998 og að húsið yrði fullbúið í júní 1999. Kost-

naðaráætlun vegna 2. áfanga hljóðar upp á 38,1 milljón króna, hönnunarkostnaður er áætlaður 6,5 milljónir og 3,8 milljónir króna eru áætlaðar í umsýningu og eftirlit með verkinu. Heildarkostnaður við endurbygginguna hljóðar því upp á 84,9 milljónir króna. Til viðbótar er gert ráð fyrir að kaupa bókkápa fyrir 12 milljónir og húsgögn fyrir 2 milljónir. Heildarkostnað-

urinn við að gera húsið tilbúið til notkunar er því 98,9 milljónir króna.

Á fundi verkefnisstjórnar kom einnig fram að samkomulag hafi verið gert við Knút Jeppesen, arkitekt, um að lokið yrði við allar vinnuteikningar fyrir 1. október nk., og að öllum innanhússteikingum verði skilað fyrir 15. október. og að útboðsgögn verði fullgerð 28. október nk.

Húsnæðisvandi Grunnskóla Ísafjarðar

Gerður verður samanburður á sex mögulegum lausnum

Á sameiginlegum fundi nefndar Ísafjarðarbæjar, sem fulltrúa bæjarráðs og fræðslu-

haldinn var á mánudag, var

samþykkt að leggja til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, að gerður verði samanburður á mögulegum lausnum á húsnæðisvanda Grunnskóla Ísafjarðar, þar sem eftirtaldir kostir yrðu skoðaðir sérstaklega: Nýbygging á Torfnesi, nýbygging á Wardstúni, nýbygging á Skeiði, nýbygging á Hauganesi, nýbygging á núverandi skólalóð með uppkaupum nálægra húsa og með endurbyggingu eldra húsnæðisvið Sundstræti, þ.e. húsnæði Hraðfrystihússins Norður-tanga.

Fundurinn lagði til að skipaður verði þriggja manna starfshópur, auk bæjarverkfræðings og skólafulltrúa, sem skila á skýrslu til fræðslunefndar og bæjarráðs um framangreint efni fyrir lok október. Vinna starfshópsins skal m.a. taka til eftirfarandi þátta: Skilgreind verði húsnæðisþörf og gerð tillaga um stærð þess húsnæðis sem þarf til skólalóðsins og að ákvarðaður verði framkvæmdakostnaður við mismunandi leiðir þar sem sérstaklega verði tekið tillit til aðkomuleiða, gatna- og holræsakerfis, lóðarstærðar og sökkuls undir hús.

Þá þarf starfshópurinn að meta byggingartíma og mögulega áfangaskiptingu og í störfum sínum skal starfshópurinn meta önnur þau atriði sem verkefninu tengjast s.s. skipulagsmálum og flutningi íþróttasvæðis og skal tíma-setning og kostnaður verka liggja fyrir. Loks skal skýrsla starfshópsins leiða í ljós möguleg áhrif hverrar útfærslu fyrir sig á fjárhag bæjarsjóðs með tilliti til áætlunar um árlegan rekstrar- og framkvæmdakostnað auk þeirra skuldbindinga sem bæjarstjórnir hefur þegar undirgengist.



Ísafjörður-Reykjavík

3.600
ADRA LEIÐ

6.900
BÁÐAR LEIÐIR

Áætlun:

Mán-fös	kl. 08:00 - 08:45 (sk.)
Mán-fös	11:30 - 12:15 (sk.)
Fös-sun	12:35 - 13:20 (sk.)
Fös-sun	16:00 - 16:45 (sk.)
Sun-fim	17:05 - 17:50 (sk.)
Sun-fim	17:00 - 17:45 (sk.)

456 4150

þegar þú flýgur með Íslandsflugi tryggir þú áfram lægri fargjöld á flugleiðum innanlands.

Íslandsflug. Reykjavíkflugvælli. Sími 570 8090. Fax 570 8091. gerir fluginn fært að fljúga

Skorar á sveitarstjórnarmenn til samstarfs

Aðalfundur Skólastjórafélags Vestfjarða, sem haldinn var í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi fyrir stuttu, lýsir áhyggjum sínum vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í samningamálum skólastjóra og kennara. Fundurinn skorar á sveitarstjórnarmenn að ganga rösklega fram í að ljúka samningum við skólastjóra og kennara svo skólahald raskist ekki frekar en orðið er.

Í ályktun fundarins segir ennfremur: „Vestfirskir sveitarstjórnarmenn hljóta að vera farnir að gera sér grein fyrir þeim miklum vandræðum sem skólastjórnendur standa frammi fyrir á hverju hausti þegar ráða þarf fólk til kennslustarfa. Skólar sem árum saman þurfa nánast að taka hvem sem er í kennslu, geta ekki með nokkru móti staðið undir þeim væntingum sem foreldrar og aðrir gera til

góðra skóla.”

Þá bendir aðalfundurinn á að aðalrökin fyrir flutningi grunnskólans til sveitarfélagsanna hafi verið þau að koma grunnskólanum nær þeim sem nota þjónustuna. „Því er það svo, að það mun verða vel fylgst með því hvort hinn nýi viðsemjandi muni í raun bera hag skólans fyrir brjósti og reynast skólunum sá bakhjarl sem menn vonuðust eftir. Því skorar aðalfundurinn á sveitarstjórnarmenn að taka höndum saman við starfsfólk skóla um að nota það tækifæri sem ný býðst, til að snúa óheillaþróun við og bæta kjör þeirra sem vinna við stjórnun og kennslu í grunnskólum.

Gerum skólana færa um að standa undir þeim væntingum sem við öll berum til þeirra. Veitum grunnskólanum þann styrk sem þarf til að fleyta okkur inn í nýja öld, þar sem

menntun verður máttur hverrar þjóðar,” segir í ályktun aðalfundar Skólastjórafélags Vestfjarða.

Á aðalfundinum var einnig kjörin ný stjórn félagsins fyrir skólaárið 1997-1998. Formaður félagsins er Guðbrandur Stígur Ágústsson, Patreks-skóla Patreksfirði, varaformaður er Jónína Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Ísafjarðar, ritari er Victor Örn Victorsson, aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Hólmavíkur, gjaldkeri er Magnús S. Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Suðureyrar og meðstjórnandi er Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri Grunnskóla Ísafjarðar. Fulltrúi Skólastjórafélagsins í Skólaráði Vestfjarða er Magnús S. Jónsson og varamaður er Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson.



Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal.

Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal

Nýtt skipurit samþykkt

Nýtt skipurit fyrir Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal var samþykkt á stjórnarfundum sem haldinn var fyrir stuttu. Samkvæmt skipuritinu er Konráð Jakobsson, framkvæmdastjóri en aðrir yfirmenn eru Helga Jóakimsdóttir, skrifstofustjóri, Jón Grétar Kristjánsson, fjármálastjóri, Kristján G. Jóakimsson, sem sér

um fiskvinnsluna og gæðamál, Guðmundur Kr. Högnason, sem sér um rækjuvinnsluna og tæknimál og Ingimar Halldórsson, sem gegnir stöðu útgerðarstjóra.

Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu, sameinuðust Frosti hf., í Súðavík og Miðfell hf., í Hnífsdal, Hraðfrystihúsinu hf., í Hnífsdal í byrjun

ágúst og var eignaskiptingin í hinu sameinaða fyrirtæki 41,6% til eigenda Frosta hf., og 58,4% til eigenda Miðfells hf., og Hraðfrystihússins hf. Kvóti fyrirtækisins er um sjö þúsund þig.tonn og veltan áætluð um tveir milljarðar á ári. Ráðgert er að fyrirtækið verði skráð á Opna tilboðsmarkaðnum á næstunni.

Umhverfisráðuneytið

Heimilar uppkaup húsa

Umhverfisráðuneytið hefur samþykkt, að fengnum tillögum Ofanflóðanefndar, að styrkja kaup á fasteignum númer 3 og 4 við Ólafstún og númer 4 við Unnarstíg á Flateyri til niðurrífs. Miðað er við að kaupverðið verði

staðgreiðslumarkaðsverð samanber lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Ráðuneytið hefur jafnframt fallist á að veita Ísafjarðarbæ lán úr ofanflóðasjóði til viðgerða á fasteignum við Hjallaveg 2 og Unnarstíg 6 á Flat-

eyri, en að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar verður ekki látið reyna á það. „Við viljum miklu fremur fara í viðræður um uppkaup þessara húsa en um lán til að gera við þau,” sagði Kristján Þór.

Í TILFERNI

opnunar

dekkjaverkstæðis
bjóðum við nokkrar
stærðir af negldum
vetrardekkjum
á sérstöku
tilboðsverði

Tilboðverð á dekkjum

165 - 13	kr. 4.450,-
175 - 70 - 13	kr. 4.650,-
185 - 70 - 13	kr. 4.750,-
185 - 70 - 14	kr. 5.150,-
195 - 65 - 15	kr. 5.450,-

Eigum jafnframt
á lager allar
algengustu
dekkjastærðir



Eyrarsteypa ehf.

Dekkjaverkstæði

í Húsi steypustöðvarinnar, Grænagarði, Ísafirði, sími 456 3751



Bútasaums- námskeið

Nú er loksins tækifærið til að læra
hinn vinsæla bútasau.

Námskeið fyrir byrjendur hefst 6. október.
Frekari upplýsingar og skráning í síma 456 3430.

Gardínubúðin

Hafnarstræti 8 • Sími 456 3430

Ísfrsk

stúlka á slóðum biblíusagna og hryðjuverka



Stúlka frá Ísafirði ógrátandi við grátmúrinn í Jerúsalem.

Krístrún Helga Ólafsdóttir er tæplega sautján ára stúlka á Ísafirði, nemandi í Framhaldsskóla Vestfjarða, sem í sumar fór í þrjú vikna ferðalag um Ísrael á vegum hinnar alþjóðlegu Rotary-hreyfingar. Þar kynntist hún harðneskjulegu lífi þjóðar sem býr við stöðugt hernaðarástand og hryðjuverk með óvini á hverju strái, einmitt á þeim slóðum þar sem sjálfur Jesús frá Nasaret boðaði frið á jörðu fyrir tvö þúsund árum. Krístrún var ásamt félögum sínum og jafnöldrum frá mörgum löndum stödd í almenningsgarði nokkur hundruð metra þar frá sem sprengja hryðjuverkamanna drap fjölda fólks á útmarkaði í Jerúsalem og hundruð manna særðust. Og á fimmtudaginn í síðustu viku endurtók sagan sig, og það með dálítið eftirtektarverðum hætti fyrir stúlk-

una ísfrsku: Núna var samskonar hryðjuverk unnið einmitt á útveitingastaðnum þar sem Krístrún Helga var stödd þegar fyrri árásin var gerð. Og afleiðingarnar voru svipáðar og í fyrri sinnið: Margir dóu samstundis, mörg hundruð slasaðir.

Hernaðarandinn og ótti

Ísraelsmanna við hryðjuverk birtust Krístrúnu Helgu strax á Heathrow-flugvelli í London á leiðinni út, áður en hún fékk að stíga um borð í flugvélna til fyrirheitna landsins. Þau voru þar tvö íslensk á leið til Ísraels á vegum Rotary, Krístrún Helga frá Ísafirði og piltur úr Reykjavík.

Krístrún Helga Ólafsdóttir með hnífa, byssur og sprengiefni?

„Varúðarráðstafanimar áður en við fórum frá Heathrow til Tel Aviv voru ótrúlega strangar. Við þurftum að tékka okkur inn þremur tímum fyrir



Krístrún Helga og vinkona hennar eru hér stignar upp á skriðdreka, líkt og Jeltsín hér um árið.

PIZZA 67 Pantanasíminn er 456 3367 **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Brautarholt 12: 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 53,3m² bílskúr. Verð: 10.400.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti áminni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.800.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
Hrannargata 4: 257,6m einbýlishús á 3 hæðum ásamt geymslum, skúr og kjallara. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð.
Lyngholt 8: 169,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
Miðtún 31: 190m² endaraðhus-norðurendi-átveimurhæðum. Tilboð óskast.

Mjallargata 8: 117,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-
Seljalandsvegur 48: 188m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á ódyrari eign. Verð: 12.700.000,-
Skípagata 11: 78,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Verð: 4.500.000,-
Stakknes 4: 144m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á íbúð á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakknes 6: 144m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 58: 209m² raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. 3.500.000,-
Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-
3ja herbergja íbúðir
Aðalstræti 32: 86m² íbúð á efri hæð í fjórþýlishúsi ásamt sameiginlegum kjallara. Verð: 3.500.000,-
Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er nýmálað. Íbúðin er laus um miðjan október. Verð: 4.600.000,-
Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölþýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölþýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð til hægri í fjölþýlishúsi. Íbúðin er laus í september. Verð: 5.900.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölþýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölþýlishúsi. Verð: 4.500.000,-
Túngata 3: 53m² íbúð á efri hæð í norðurenda. Verð: 4.500.000,-
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.500.000,-
2ja herbergja íbúðir
Grundargata 2: 50,5m² íbúð á fyrstu hæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í íbúðum aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4m² íbúð á 4. hæð í íbúðum aldraðra. Verð: 5.900.000,-
Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þrjúþýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikíð uppgerð. Verð: 4.900.000,-

Mikíð uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölþýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni. Verð kr. 6.500.000,-
Fjarðarstræti 38: 70m² 4ra herbergja íbúð á rishæð ásamt geymslum. Íbúðin er mikíð endurgerð. Verð: 4.000.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum á 3ju hæð í fjölþýli. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúþýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölþýlishúsi. Verð: 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölþýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölþýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.900.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð:

Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þrjúþýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.900.000,-
Einnig: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúþýlishúsi. Mikíð uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Einnig: 96m² íbúð í kjallara í þrjúþýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 4.200.000,-

Bæjarins besta

Blasnað 14. nóvember 1997

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Vonbrigði

Viðskiptaráðherra brotlenti þegar ríkisbankarnir voru háeffaðir. Ljóst er að helstu áform hans í bankamálinu runnu út í sandinn.

Leiðari

Flokksbróðir ráðherrans, þingmaður okkar Vestfirðinga og helsti sérfræðingur Framsóknarflokksins í bankamálum, hefur lýst því yfir, að hann þurfi að biðja kjósendur sína afsökunar á því hvernig staðið var að breytingunni á ríkisbönkunum. Hann hafi blekk kjósendur sína.

Yfirlýsing þingmannsins er út af fyrir sig virðingaverð. Þingmenn stunda almennt ekki þá iðju að biðja kjósendur afsökunar á svikum kosningalofordum.

Að lokinni yfirlýsingu um afsökunarbeiðnina varð þingmanninum heldur betur fótaskortur á svellinu. Flokkshollustan sagði til sín og hann reyndi að klóra í bakkann fyrir ráðherrann með því að segja að lendingin í bankastjóramálinu hafi orðið til vegna skorts á faglegri þekkingu þeirra manna er undirbjuggu málið. Pólitísk hrossakaup hafi þar hvergi komið nærri. Þarna féll þingmaðurinn í djúpan pytt. Hvert einasta mannsbarn veit að pólitískt valdatafl kom í veg fyrir að ráðherranum tækist að koma fram þeim breytingum, sem hann augljóslega stefndi að í upphafi.

Full þörf var á því að styrkja stöðu ríkisbankanna með því að gera þá að hlutafélögum, einfalda innra stjórnkerfi þeirra, draga úr smákóngaveldinu innan þeirra og síðast en ekki síst að losa þá undan pólitísku valdi. Tækifærið fór fyrir bí að þessu sinni. Pólitískt valdatafl kom líka í veg fyrir sameiningu ríkisbankanna áður en til hlutafélagsvæðingarinnar kom, sem eitt út af fyrir sig hefði fært okkur banka af þeirri stærðargráðu sem við þurfum á að halda og sparað stórfé. Það gekk ekki eftir vegna þess að það hefði raskað valdahlutfallinu.

Skipan bankaráða í nýju háeff bönkunum hefur vakið eftirtekt. Þar birtist á blygðunarlausan hátt hvert stefnir í íslensku þjóðfélagi með samþjöppun valds og yfirráða á fjármála- og fyrirtækjamarkaðnum, sem án allrar feimni er skipt upp eftir gömlu helmingskipta formúlunni.

Það er kaldhæðnislegt þegar þau öfl í þjóðfélaginu, sem hafa talið sig öðrum fremur boðbera frelsis til orðs og athafna, einstaklingum til handa, fá þá einkunn fyrir frammistöðu sína í bankamálinu, að þau séu á sovéska planinu.

Það hlýtur að valda þeim vonbrigðum, sem trú á raun á frelsi einstaklingsins.

s.h.

Átta tilboð bárust í 52 eignir í „gömlu“ Súðavík

Ekki verður hægt að búa í húsunum sex mánuði á ári

Á fimmtudag í síðustu viku voru opnuð tilboð í 52 húseignir í gömlu byggðinni í Súðavík, sem Súðavíkureppur og Ofanflóðasjóður höfðu auglýst til sölu. Átta tilboð bárust í þrettán húseignir sem eru mun minni viðbrögð en búist hafði verið við. Tilboðin eru til skoðunar og verður væntanlega tekin afstaða til þeirra undir lok þessarar viku. Engin tilboð bárust í stærri eignir né heldur í íbúðir

í eina fjölbýlishúsi staðarins. Þjóðendur eru í flestum tilfellum brottfluttir Súðavíkingar sem og aðrir sem tengjast sveitarfélaginu og virðist sem flestir þjóðendur hugsi sér eigninar sem sumardvalarstað í gömlu heimabyggðinni. Hæsta tilboðið sem barst hljóðaði upp á allt að eina milljón króna en það lægsta var 50 þúsund krónur. „Tilboðin eru bæði ásættanleg og ekki, það fer eftir því hvaða

hús á í hlut. Tilboðin verða skoðuð nánar og ég vænti þess að afstaða verði tekin til þeirra í lok þessarar viku. Við áttum ekki von á neinum stórkostlegum viðbrögðum en því er ekki að neita að þau eru minni en við vonuðumst til. Það er sammerkt með tilboðunum að það er verið að bjóða í minni tímurbúðunum á staðnum, það er ekki boðið í nein stærri húsin né íbúðirnar í blokkinni,” sagði Ágúst Kr. Björns-

son, sveitarstjóri í Súðavík í samtali við blaðið.

Þær kvaðir fylgja sölu húseignanna að ekki verði búið í þeim á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl á hvert. Að sögn Ágústar hefur sala sumarhúsanna gengið þokkalega og á mánudag var búið að ganga frá sölu á fimm húsum af þeim tólf sem auglýst voru til sölu.

Stoppaleikhópurinn - forvarnarleikhús

Grín gert að reykingum

Stoppaleikhópurinn - forvarnarleikhús, frumsýndi leikverkið „

Á kafi“ eftir Valgeir Skagfjörð í Grunnskóla Bolungarvíkur á mánudag. Frumsýnt var fyrir nemendum og foreldra og fékk leikverkið góðar undirtektir viðstaddra. Verkið var sýnt í Grunnskólanum á Ísafirði í gærdeg og í dag og er sömu sögu að segja þar af viðbrögðum viðstaddra. Í verkinu er brugðið upp smámyndum úr lífi reykingafólks í gleði og sorg, þar sem reykingar fá háðuglega útreið. Í verkinu koma fjórtán persónur við sögu, en tveir leikarar fara með öll hlutverkin, þau Eggert Kaaber og Katrín Þorkelsdóttir.

Stoppaleikhópurinn er atvinnuleikhópur sem stofnaður var í nóvember 1995. Aðalmarkmið hópsins er að flytja leik-sýningar sem tengjast hverskonar fræðslu og forvarnarstarfi og fannst leikhópnum tilvalið að hafa leikverkin farandverk, þar sem áhorfendur eru á heimavelli. Það voru grunnskólarnir og foreldrafélögin í Bolungarvík og í Ísafjarðarbæ sem stóðu að sýningunum.



Úr leikverkinu „Á kafi“ eftir Valgeir Skagfjörð. Katrín Þorkelsdóttir annar leikenda.

Flateyri

Skorað á stjórnvöld

Félagssundur í Smábátafélaginu Eldingu á Flateyri skorar á stjórnvöld að taka nú þegar á þeim vanda sem steðjar að sóknardagabátum, en þeim hafa verið skammtaðir 20 dagar á línu og handfærum og 26 dagar á handfærum á heilu ári.

Fundurinn bendir á að slík skerðing muni hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir sjávarpláss og fiskverkunarfólk.

Ísafjörður

Jón Páll heiðraður

Jón Páll Halldórsson, fyrrum ræðismaður Svíþjóðar á Ísafirði, hefur hlotið hina konunglegu sænsku riddaraorðu, Norðurstjórnuna, sem er æðsta orða sem Svíar veita ræðismönnum sínum.

Jón Páll fær orðuna afhenta í hófi sem haldið verður honum til heiðurs í sænska sendiráðinu í Reykjavík, á morgun fimmtudag kl. 17.

Hrafseyri

Hleðsluveggur fannst

Hlaðinn veggur og hugsanlega steingólf komu í ljós á hlaðinu á Hrafseyri við Arnarfjörð þegar verið var að grafa þar fyrir nýjum bensíntanki á dögnum.

Auk þess komu í ljós einhverjar öskuleifar. Framkvæmdirnar voru stöðvaðar þar til fomalifafræðingur hefur kannað hvað þarna er að finna. Á meðan á rannsókninni stendur verða ekki leyfðar frekari framkvæmdir á svæðinu.

Tólf punkta þarf til að missa ökuréttindi í þrjá mánuði

Á mánudag hóf embætti ríkislögreglustjóra að halda landsskrá um ökuferil ökumanna og punktafjölda sem þeir ávinna sér vegna umferðarlagabrota. Það eru lögreglustjórar í hverju umdæmi sem færa inn upplýsingarnar sem byggðar verða á kærur lögreglumanna. Í 7. grein 2. kafla reglugerðar um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, segir að hafi ökumaður á allt að þriggja ára tímabili, gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á umferðarlögum eða reglum samkvæmt þeim og ná tilteknum punktafjölda samkvæmt skrá um vægi brota í punktakerfi, skal hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeim viðurlögum sem við síðasta brot hans kunna að liggja.

Samkvæmt 8. grein 2. kafla skal ökumaður sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið samtals tólf punkta og ökumaður með bráðabirgðaökuréttindi skal sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið samtals sjö punkta, en þó ekki fyrr en við þriðja brot. Ákvörðun um sviptingu ökuréttar er tekin samhliða ákvörðun annarra viðurlaga vegna þess brots sem varð þess valdandi að ökumaður hlaut tilskilinn fjölda punkta til sviptingar ökuréttar. Varði viðkomandi brot eitt og sér sviptingu ökuréttar, bætist þriggja mánaða svipting við vegna uppsafnaðra punkta við þann sviptingartíma sem ella hefði verið ákveðinn.

Sem dæmi um punkttagjöf má nefna að sé ekið á allt að 20 km hraða á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða, er gefinn einn punktur, tveir punktar ef ekið er á 21-30 km. yfir leyfilegan hámarkshraða, þrjú punktar ef ekið er 31-40 km. yfir leyfilegan hámarkshraða og fjórir punktar ef ekið er 41 km. á klst eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða. Þá eru gefnir þrjú punktar sé stöðvunarskylda ekki virt, fjórir punktar eru gefnir ef ekið er gegn rauðu ljósi, þrjú punktar eru gefnir ef ekið er fram úr þar sem bannað er og tveir punktar eru gefnir ef biðskylda er ekki virt, svo dæmi séu tekin. Gefinn hefur verið út bæklingur vegna reglubreytingarinnar og ættu flestir landsmenn að hafa fengið hann sendann. Lögreglufyrirvöld á hverjum stað munu einnig hafa bæklinginn til afhendingar.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði sagðist í samtali við blaðið á mánudag, jafnvel eiga von á því að gildistöku reglugerðarinnar yrði frestað þar sem hvergi væri til tölvutækt form til skráningar á umferðarlagabrotum. „Þessi reglugerð er viðauki við þau brot sem hafa verið framin, ekki hvatning fyrir okkur um að fara í herferð gegn ökumönnum. Hér er einungis verið að setja reglur til refsingar fyrir alvarlegri umferðarlagabrot,” sagði Önundur.

Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði skrifa

Athugasemdir við skrif BB

Í BB í síðustu viku var grein um uppsagnir kennara við Grunnskólann á Ísafirði. Þar kom fram að ástæður uppsagna kennara væru kjaramálin en meginhluti greinarnar fjallaði um að einnig hefðu húsnæðismál grunnskólans vegið þungt. Þetta er ekki rétt.

Kennarar við G.Í. vita vel að húsnæðismál skólans eru í ólestri. Það hafa þau verið lengi, og kom engum á óvart. Við vitum líka að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vinnur að lausn húsnæðisvandans og hefur fullan vilja til að bæta aðstöðuna.

Til að koma í veg fyrir frekari misskilning birtum við hér uppsagnarbréfið í heild.:

Ég, undirrituð kennari við Grunnskólann á Ísafirði, segi hér með upp starfi mínu. Ég hef lagt mig fram um að stunda vinnu mína eins vel og mér er unnt og er sáttt við stjórnun, starfshætti og góðan



Grunnskólinn á Ísafirði.

starfsanda í skólanum. Kjör kennara á Íslandi hafa verið óviðunandi í mörg ár. Þegar sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans voru gefin fyrirheit um að nú yrðu kjörin bætt. Nú hafa sveitarfélögin rekið grunnskólann í eitt ár og ekkert bólar á kjarabótum nema síður sé. Vegna lágra launa, neikvæðs viðhorfs í garð kennarastéttarinnar af hálfu samninganefndar sveitarfélaganna og þeirrar umræðu sem verið

hefur er varðar vinnutíma kennara í skólum, sé ég mig tilneydda til að segja starfi mínu lausu.

Eins og sjá má er uppsögnin ekki tilkomin vegna húsnæðismála, heldur eingöngu vegna kjaramála. Mikið ber á milli í samningaviðræðum og lausn ekki í sjónmáli.

Meðal annars hefur mikið verið rætt um að gera þurfi vinnutíma kennara sjáanlegri. Allir skilja að húsmóðir vinnur ekki bara í matartímanum,

leikari ekki bara á sviðinu og að í öllum veislum þarf bæði undirbúning og frágang. Vinna við hverja kennslustund er líka meiri en þær 40 mínútur sem kennslustundin stendur yfir, bæði þarf undirbúning og frágang.

Bergljót Halldórsdóttir
Burkni Dómaldsson
Herdís Hubner
Jóna Benediktsdóttir
Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði.



ÍSAFJARÐARBÆR

ELDRI BORGARAR ÍSAFJARÐARBÆR
OG BOLUNGARVÍK

Skemmtun verður haldin í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 27. september kl. 15:00.

Sætaferðir verða frá hverjum stað. Vinsamlega skráið þátttöku fyrir miðviku-daginn 24. sept. hjá eftirtöldum aðilum: Elín Þóra Magnúsdóttir, Hlíf Ísafirði, símar 456-4076 og 456-3805, Málfríður Sigurðardóttir, Bolungarvík, sími 456 7114, Helga Kristjánsdóttir, Suðureyri, sími 456 6255, Ásta Kristinsdóttir, Þingeyri, 456 8199 og Sigríður Magnúsdóttir, Flateyri, sími 456 7655.

HÚSNÆÐISNEFND ÍSAFJARÐAR-
BÆJAR AUGLÝSIR

Til sölu eru félagslegar eignaríbúðir á eftirtöldum stöðum:

Pollgötu 4, Hlíðarveg 3, 5 og 7, Múla-landi 12 og 14, Stórholti 15 og 17, Dalbraut 1, Árvöllum 2 - 4, Raðhús á Árvöllum, íbúðir á Suðureyri, íbúðir á Flateyri og íbúðir á Þingeyri.

Upplýsingar gefur húsnæðisfulltrúi í síma 456 3722.

Húsnæðisnefnd Ísafjarðarbæjar.



Barnaguðs- þjónustur

Barnaguðsþjónustur eru í Ísafjarðarkirkju á laugardögum kl. 11:00. Kirkjustrætó ekur úr Holtahverfi kl. 10:45. Foreldrar eru hvattir til að koma með yngstu börnunum.

Væntanleg fermingarbörn í Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknum eru boðin ásamt foreldrum sínum til guðsþjónustu í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 21. september kl. 11:00. Þar fer fram skráning, kynnt verða fermingarstörf vetrarins, svo og væntanlegir fermingardagar.

Ísafjarðarprestakall.



á Íslandi er 5 ára

Í tilefni 5 ára afmælis Pizza 67 á Íslandi, gefum við Pizza 67 boli með öllum heimsendingum yfir 1.500,- kr. á meðan birgðir endast.



Ísafirði

Ísfirðingar!

Sinfóníutónleikar í íþróttahúsinu á Torfnesi,
föstudaginn 19. september kl. 20:00.

Hljómsveitarstjóri: B Tommy Andersson

Einleikari: Sigrún Eðvaldsdóttir

Efnisskrá: Verk eftir Brahms, Schubert og Tcahikovsky.

Halldór

Jónsson í yfirheyrslu um Básafellismál og bæjarmál

Halldór Jónsson er vinnslustjóri hjá Básafelli hf. í Ísafjarðarbæ, en það fyrirtæki varð til í núverandi mynd á síðasta ári við sameiningu nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja á Ísafirði og Flateyri. Frá 1994 hefur Halldór jafnframt verið bæjarfulltrúi á Ísafirði og síðan í sameinuðum Ísafjarðarbæ, átt sæti í bæjarráði og verið formaður hafnarstjórnar.

Árið 1980 var Halldór „í fyrsta stúdentahópi vinar míns Bjöms Teitssonar við Menntaskólann á Ísafirði“ eins og hann kemst að orði. Að loknu stúdentsprófi stundaði hann ýmis störf og lauk prófi sem útgerðartæknir árið 1986. Eftir það var hann skrifstofustjóri Frosta hf. í Súðavík 1986-1990 og framkvæmdastjóri Meleyrar hf. á Hvammstanga 1990-1992. Þá varð hann útgerðarstjóri og síðan framkvæmdastjóri Rits hf. á Ísafirði uns það fyrirtæki rann inn í Básafell hf. á síðasta ári. Hann tók þá við starfi vinnslustjóra hjá Básafelli og hefur yfirumsjón með allri rækjuvinnslu fyrirtækisins. Á árunum 1991-1994 var Halldór formaður Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Á síðustu vikum, mánuðum og misserum hefur Halldór oft verið umtalaður og stundum umdeildur vegna starfa sinna í Básafelli og bæjarstjórn. Hann hefur unnið við sameiningu bæði fyrirtækja og sveit-

arfélaga hér vestra á síðustu árum og hefur með þeim hætti tekið virkan þátt í þeirri nýsköpun og raunar umbyltingu sem hefur verið að eiga sér stað á norðanverðum Vestfjörðum á báðum þeim sviðum. En forsenda allrar þeirrar vinnu er einmitt sú, að menn hafi trú á framtíð Vestfjarða.

Bæjarins besta heimsótti Halldór á skrifstofu hans á efstu hæð Norðurtangahússins við Sundstræti á Ísafirði, einmitt í því herbergi þar sem skólasálfræðingur er ætlað að set-

ur ef hugmyndir fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar um nýtingu hússins fyrir Grunnskóla Ísafjarðar ná fram að ganga. Þær hugmyndir voru á fundi bæjarstjórnar fyrir skemmstu settar í biðstöðu og nánari athugun og hefur það mál allt valdið töluverðum titringi innan bæjarfélagsins. Svo er um fleiri mál á þeim umbrotatíma sem Halldór hefur átt sæti í bæjarstjórn.

Hvað hefur hann að segja um þáttöku sína í átökum, umbreytingum og uppbyggingu í vestfirsku samfélagi síðustu árin?

„Síðustu þrjú til fjögur árin hafa vissulega verið mikil umbrotaár á norðanverðum Vestfjörðum“, segir Halldór. „Sameining sveitarfélaga og sameining fyrirtækja hafa verið lengi í umræðunni og ég hef kannski verið svo heppinn að lenda inni í þessari hringiðu miðri í báðum tilvikum.“

Sameining sveitarfélaganna

„Sameining sveitarfélaganna hefur að mörgu leyti tekist mjög vel. Auðvitað vita allir að gerð jarðganganna var forsenda hennar og margir voru hræddir um að Vestfirðingar ætluðu ekki að rækja skyldur sínar gagnvart þeirri framkvæmd. Sem betur fer tókst þó sveitarstjórnarmönnum, á síðustu stundu, vil ég meina, að snúa bökum saman, að minnsta kosti á því svæði sem nú er Ísafjarðarbær, og gerðu þetta að mörgu leyti mjög skynsamlega. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að sameining þessara sveitarfélaga hefði ekki mátt gerast miklu seinna. Auðvitað heyrðust þær raddir hér á Ísafirði, að menn væru að fórna einhverri framtíð með því að taka misjafnlega skuldug sveitarfélög inn á sig, en ég held að allir hljóti að fallast á það í dag, að framtíð okkar hér í gamla Ísafjarðarkaupstað hefði ekki verið mikil án þessara byggða í kringum okkur. Ég vona því að þær áhyggjur séu nú horfnar og fólk sé orðið sannfært um að rétt hafi verið gert þegar sveitarfélögin voru sameinuð. Ástæða þess að þetta hefur tekist betur hér en sums staðar annars staðar, án þess að við séum að nefna nein nöfn í því sambandi, er sú að menn höfðu vit á því hér að vera ekki að gefa fólki neinar gyllivonir. Hér var farið mjög hreinskilnislega yfir stöðu sveitarfélaganna og hvað væri þar framundan, en voru ekki með nein yfirboð varðandi aukna þjónustu. Menn sögðu einfaldlega, að stærsti sigurinn yrði í því fölginn ef hægt yrði að halda því sem við höfðum. Kannski er ég ekki fyllilega dómbær, en mér finnst a.m.k. að sá tími sem liðinn er frá stofnun hins nýja Ísafjarðarbæjar hafi ekki leitt í ljós neina umtalsverða ósátt með sameiningu eins og sums staðar hefur komið fram.“



Athugasemdir við skrif Hálfðáns Ingólfssonar

Hálfðán Ingólfsson, flugmaður á Ísafirði hefur skrifað grein, sem birtist í Bæjarins besta 10. september s.l. Þar sem málið varðar starfsemi Flugfélags Íslands og skrif Hálfðáns byggja ekki á réttum upplýsingum, tel ég mig knúinn, sem flugrekstrarstjóri FÍ, til þess að koma veigamiklum leiðréttingum á framfæri.

Í fyrsta lagi eru mest öll skrif um atburðinn í Ísafjarðardjúpi eftir aðra en talsmenn Flugfélags Íslands, eins og efnistökin bera með sér. Félagið hefur ítrekað, en árangurslítið, reynt að benda á að ekki megi tengja atburðinn landfræðilegum eða veðurfarslegum aðstæðum í næsta nágrenni flugvallarins inni í Skutulsfirði. Því miður leggst Hálfðán enn á sömu sveif og margir aðrir og vekur sjálfur athygli á misvindi og þrengslum Skutulsfjarðar. Það er einnig mjög leitt til þess að

vita að Metro-flugvélar hafa nánast verið dæmdar ónot-hæfar, þótt ekkert bendi til þess að aðrar vélategundir hefðu sloppið betur úr þessari raun.

Upplýsingar Hálfðáns af flugritanum eru alrangar og þykir mér leitt að Hálfðán hafi myndað sér skoðun, sem ekki byggir á staðreyndum. Hvorki var álag á flugvél eða farþega jafn mikið og hann telur, né heldur upplýsingarnar um flughraðann réttar. Flugvélin náði aldrei að minnka hraðann svo að hætta væri á ofrasi og mesti hraði fór aldrei yfir hámarks hraða.

Metro-flugmenn eins og aðrir eru þjálfaðir í að bregðast við ofrasi. Eftir að byrjandi hefur tileinkað sér rétt viðbrögð tekur ekki nema 500 fet að ná fullhlaðinni Metro-vél út úr ofrasi. Báðir flugmennirnir höfðu hlotið sína þjálfun í vor og voru þegar

komnir með talsverða reynslu á Metro-flugvélar, þegar atvikið átti sér stað. Flugstjórnin er þar að auki þaulreyndur í flugi tveggja hreyfla flugvéla með bækistöð í Vestmannaeyjum um árabíl. Þar hefur hann kynnst mest öllu, sem íslenskt veðurfar hefur upp á að bjóða. Þegar það er auk þess haft í huga, að Metro-flugvélin fór a.m.k. tvisvar sinnum í gegnum mikla og óviðráðanlega hækkun og síðan lækun er augljóst að atburðarásin verður ekki rakin til ofriss og verður að telja útilokað annað en að sterkir utanaðkomandi kraftar hafi verið að verki.

Hálfðán útilokar, að umræddan dag hafi getað verið skilyrði fyrir stórkostlegu upp- eða niðurstreymi í Ísafjarðardjúpi. Við sem höfum flogið allan okkar starfsaldur vitum flestir að ekki er nokkurn tímann á vísan að róa,

þegar móðir náttúra er annars vegar. Sameiginlega höfum við komið upp eins konar gagnabanka, sem enn er annað slagið að bætast í. Rannsóknarnefnd flugslysa er að safna öllum hugsanlegum gögnum, sem varpað gætu ljósi á umrætt atvik. Meðal annars hefur nefndin óskað eftir skýrslu frá Veðurstofu Íslands um hugsanleg áhrif vinda og fjallabylgja yfir Ísafjarðardjúpi laugardaginn 16. ágúst og er skýrslunnar að vænta á næstunni.

Álit fagmanna á borð við Hálfðán, er ætíð vel þegið, ef það er byggt á réttum upplýsingum og komið á framfæri við rétta aðila. Ég tel þó ekki að fjölmiðlar séu heppilegur vettvangur fyrir slík heilræði.

Akureyri, 11. sept. 1997,
Sigurður Aðalsteinsson,
flugrekstrarstjóri.

Uppsagnir grunn-skólakennara

Grunnskólinn er nú kominn á hendur sveitarfélaganna. Sú ráðstöfun var þáttur í því að auka sjálfsforræði þeirra með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sú þróun er rétt hugsuð. Sveitarstjórnir eru það stjórnsýslustig sem standur kjósendum næst. Jafnframt er nauðsynlegt að sveitarfélög stækki og þeim fækki verulega. Sveitarfélögum hefur fækkað nokkuð síðustu árin. Nauðsyn ber til að þeim fækki enn og þau stækki og styrkst. Greinilegt er að miklar breytingar eru að gerjast með íslenzku þjóðinni undir lok tuttugustu aldarinnar, þótt ekki séu þær neitt viðlíka þeim breytingum sem urðu fyrir rúmri öld. Þá flyktist stór hópur þjóðarinnar til Vesturheims, Kanada og einnig til Bandaríkjanna. En sú þróun sýnir stöðug að fólki fækki á landsbyggðinni og það flytji til Reykjavíkur og nágrennis.

Ekki er nokkur vafi á því að fólk telur sig sækja fjölbreyttara mannlíf í fjölmennið. Hvort það stenst að öllu leyti skal látið liggja milli hluta hér og nú. En um leið óttast þeir sem búa á landsbyggðinni veikari stöðu sína. Því færri sem eftir sitja þess lakari tækifæri hugsuð margir. Löngu má vera orðið ljóst að fjöldi þingmanna á landsbyggðinni hefur engin úrslitaáhrif á þróun byggðar. Krafturinn sem býr í íbúnum sjálfum mun ráða mestu um framtíðina ásamt styrk atvinnulífs. Svo má ekki gleyma því að til er fólk sem lætur sig litlu varða um byggð utan Reykjavíkur. Þeim er hollt að minnast þess að fækki fólki á landsbyggðinni mun störfum í Reykjavík jafnframt fækka.

Alvarlegir örðugleikar blasa við sveitarfélögum í upphafi skólaárs. Ósamið er kaup og kjör grunn-skólakennara. Nú hafa kennarar byrjað að segja upp starfi í hópum. Á Ísafirði hafa 20 kennarar sagt starfi sínu lausu. Reyndar er það athyglisvert að til uppsagna virðist fyrst og fremst gripið utan Reykjavíkur. Sveitarstjórnir er mikill vandi á höndum. Kennarar munu brátt ganga til atkvæðagreiðslu um verkfall.



Uppnám grunnskóla á Ísafirði

Við þessar aðstæður byrjar skólaár barna um allt land. Leikskólakennarar standa einnig í kjarabaráttu og hafa boðað verkfall næsta mánudag, 22. september. En jafnframt segjast þeir munu halda uppi kröftugri veffallsvörslu. Ekki er það öfundusvert að standa í sporum sveitarstjórnarmanna fremur en kennara og leikskólakennara. Öllum má vera það ljóst að launamál hins opinbera og reyndar almennt þarfnast endurskoðunar við. Verkföll færa engum neitt. Hollt væri að hugsa til þess að heil kynslóð fólks er að alast upp við það, að verkföll kennara séu eðlilegur hluti af skólagöngu þess. Þvílíkt og annað eins getur ekki gengið. Lausnin virðist þó ekki í sjónmáli. Kennarar eru þreyttir á lágum launum sínum. Flestir geta unnt þeim betri launa, en þá verða þeir líka að hætta öllum feluleik með vinnutíma sinn. Hvort sem það hefur við rök að styðjast eða ekki, þá er það svo að almenningur veit ekki betur en vinnutími þeirra sé tveimur mánuðum skemmri á ári en annarra launamanna.

Við þessar aðstæður kemur það eins og köld vatnsgusa í andlit foreldra grunnskólakennara á Ísafirði, að allt sé uppnámi vegna húsnæðismála grunnskólans. Fyrir all mörgum vikum var að því spurt á þessum vettvangi í tengslum við útkomu skattskrár hvort almenningur, kjósendur, vildu að fulltrúar þeirra í bæjarstjórn settu skattþeningana í frystihús til þess að láta börn ganga þar í skóla. Af umfjöllun um kaup Ísafjarðarbæjar á frystihúsi Norðurtanga h.f. fyrir eldri bekkir grunnskóla má ráða að kjósendur séu lítt hrifnir. Nú skal því ekki haldið fram á þessu augnabliki að hugmyndin sé alvond. En af hálfu bæjarráðs er hún illa unnin, illa kynnt og gleymst hefur að fjalla um hana með eðlilegum hætti í bæjarstjórn, sem er margklofin í málinu. Eini meirihlutinn innan bæjarstjórnar, sem til er í málinu, er á móti því. Borgarafundurinn var ótrúlega illa tímasettur. Tveimur dögum áður en til stóð að afgreiða málið í bæjarstjórn var hann haldinn. Um það má margt segja. Eitt stendur þó upp úr. Ekki stóð til að skiptast á skoðunum og fara eftir því sem borgararnir vildu leggja til máls. Sú niðurstaða verður ráðin af hinum skamma tíma á milli fundanna. Svona mikilvægar hugmyndir og breytingar á að vanda miklu betur og kynna, ekki síst innan bæjarstjórnar.

Fækkun sveitarfélaga og sveitarstjórnir

Sveitarfélögum hefur fækkað á rúmum tíu árum úr 223 í 165. Þau eru nú álfka mörg og árið 1703, fyrir nærri þremur öldum. Ef sameining verður samþykkt í boðuðum kosningum á Austur- og Norðurlandi gætu þau orðið 158 í kosningum eftir 8 mánuði. Nauðsynlegt er að þeim fækki um að minnsta kosti 100 á næstu árum. Þá verður hugsanlegt að hæfileikafólk hafi meiri áhuga á að bjóða sig fram til sveitarstjórna og því verði gert kleift að sinna störfum í umboði kjósenda á annan hátt en sem algeru frístundastarfi. Kannski mun sú hagræðing bæta skólamál, laun kennara og margt fleira.

Stakkur

Uppskeruhátíð Boltafélags Ísafjarðar

Anna Soffía og Sólberg knattspyrnumenn ársins

Húsfyllir var á uppskeruhátíð Boltafélags Ísafjarðar sem haldin var í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Á hátíðinni var knattspyrnuvertíðin gerð upp, veittar voru viðurkenningar fyrir þrúðmennsku í leik, framfarir og viðleitni auk þess sem knattspyrnumenn ársins voru kjörnir í karla- og kvennaflokk. Knattspyrnukona ársins var valin Anna Soffía Sigurlaugsdóttir og Sólberg Ásgeirsson var kjörin knattspyrnumaður ársins 1997.

Eftirtaldir krakkar fengu viðurkenningar á uppskeruhátíðinni fyrir þrúðmennsku á keppnistímabilinu: Raket Helena Kristjánsdóttir, Drífa Guðmundsdóttir, Áslaug Inga Barðadóttir, Heiðar Kristinsson Lyngmó, Einar Birgisson, Einar Birkir Sveinbjörnsson, Pétur Þ. Gunnarsson og Kristján Gunnarsson. Þá fengu eftirtaldir krakkar viðurkenningar fyrir framfarir og viðleitni: Pálína Jóhannsdóttir, Brynja Ólafsdóttir, Tinna Hermannsdóttir, Atli Kristinsson, Karvel Pálmason, Pétur Gestsson, Einar Ási Guðmundsson, Steinþór Jón Gunnarsson og Ásgeir Gíslason.

Daginn áður en uppskeruhátíðin fór fram var gengið frá ráðningu á yfirþjálfara félagsins fyrir næsta keppnistímabil. Sá sem fyrir valinu var, er Zelko Sankovic, en hann mun stjórna þjálfun á öllum knattspyrnuflokkum félagsins. Aðstoðarþjálfari hans verður Heiðar Birnir Torleifsson.



Húsfyllir var á uppskeruhátíð Boltafélags Ísafjarðar sem haldin var í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag.



Anna Soffía Sigurlaugsdóttir var kjörin knattspyrnukona BÍ'88 fyrir árið 1997. Ljósmyndir: Reynir Helgason.

hverfur



með sérstökum stillibúnaði er hægt að ná 450 hestöflum úr. Á vélinni er sérstakur búnaður sem veldur því að forþjappan er alltaf á fullum snúningi og tapar vélin því ekki afli milli girskiptinga og því heyrast oft sprengingar aftur úr pústinu, sérstaklega á krókóttum vegum. Þá er í bílnum ýmis aukabúnaður sem gerir hann að fyrsta flokks keppnisbíl. En hvað kosta öll herlegheitin?

Nú milljóna króna ökutæki

„Upprunalegt verð bílsins fyrir breytingu er um þrjár milljónir króna. Síðan kom kostnaður við breytingar og fyrir þá varahluti sem fylgdu auk tolls á allt saman. Heildarkostnaðurinn er því um níu milljónir króna, sem er dágóð upphæð.“ Þeir félagar Páll og Jóhannes hafa stofnað fyrirtæki um rekstur bílsins, Jópál ehf., og hefur það gert samstarfssamning við fjölda fyrirtækja, en án stuðnings þeirra sem og fjölmargra einstaklinga, er útgerð sem þessi ómöguleg að sögn Páls.

„Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga munar öllu fyrir okkur, því við Jóhannes erum langt því frá að vera efnaðir menn og þetta er ekki tekið af eldhúspeningunum. Við höfum greitt söluáðilanum verð bílsins, en skuldum aftur á móti Búnaðarbankanum, sem er einn aðalstyrktaraðili okkar, um 70% af verðinu. Þá fjárhæð greiðum við á þremur árum með fjármagni sem kemur frá öðrum styrktaraðilum s.s. auglýsendum en þess má geta að um fjórutíu aðilar styrkja okkur í dag. Margir af þeim koma að vestan og við erum þeim öllum þakklátir því án þeirra er þessi útgerð ekki framkvæmanleg.“

–Nú hafið þið félagar tekið þátt í tveimur keppnum á nýju bifreiðinni. Sú fyrsta fór í þrófukeyslu og í þeirri annari, Kumho-rallinu, höfnuðu þið í þriðja sæti. Er stefnan ekki tekin á fyrsta sætið?

„Að sjálfsögðu. Í fyrstu keppninni lentum við í vandræðum með bílinn og í þeirri annari gekk vel og við höfnuðum í þriðja sæti. Það er ein

keppni eftir og hún verður haldin á laugardag. Þar ætlum við að taka vel á bílnum. Það er spurning hvort þeir Rúnar og Jón mæti aftur með bílinn í lagi en við stefnum að sjálf-sögðu á verðlaunasæti. Rúnar og Jón eru okkar aðalkeppinautar, enda eru þeir með geysiöfluga Subaru bifreið, en við vonumst til að geta sigrað þá. Við höfum tækið til þess og því er spurningin aðeins hvort mér tekst að sinna mínu hlutverki 100%. Hvað varðar framhaldið þá stefnum við að sjálfsögðu á Íslandsmeistaratílinn að ári auk þess sem við stefnum á keppnir í Bretlandi næsta haust. Við erum ekki með neinar áætlanir um að verða heimsfrægir, enda orðnir alltof gamlir fyrir það, en þar sem við þurfum að fara með bílinn í „tékkun“ til Bretlands að ári, finnst okkur sjálf-sagt að nýta ferðina til þess að taka þátt í einni eða fleiri keppnum.“

Hólmavíkurrally á ári

Páll segir það hafa lengi

verið draum sinn að efna til rally-keppni á Vestfjörðum. Til hafi staðið að halda slíka keppni í sumar en af því hafi ekki getað orðið. „Vestfirðir henta vel fyrir keppnir sem þessar. Ég hef lengi átt mér stóran draum og það munaði engu að sá draumur myndi rætast í sumar. Það er að halda keppni á Vestfjörðum. Þar var ég með svæðið í kringum Hólmavík í huga, um Tröllatunguheiði, Þorskafjarðarheiði, Steinadalshéiði og síðan norður Strandir. Hólmavíkurrally er það flottasta sem hægt er að gera í Vestfjarðaralli. Leiðirnar eru stutt frá

plássinu og þar er mjög auðvelt að loka fyrir annari umferð. Það er ákveðið að Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur mun standa fyrir slíkri keppni næsta sumar enda eru Hólmvíkingar klárir að taka á móti okkur.“

–Að lokum Páll, hvað hugsar okumaðurinn þegar hann er kominn á yfir 200 km hraða?

„Að klúðra ekki neinu, maður hugsar einungis um næstu bíllengdir. Sem betur fer er ég ekki hræddur í keppni þ.e.a.s. ekki þegar ég er kominn á þessa ferð en því er ekki leyna að það er smá beygur í

manni rétt fyrir keppni. Þá er einskonar sviðsskrekur í manni, enda er rallið stórhættuleg íþrótt. Við erum með fullt af búnaði til að verja okkur og ef við förum eftir öllum öryggisreglum, þá eigum við að vera þokkalega öruggir. Ég er ekki í þessu til að skaða sjálfan mig því ég á fjölskyldu sem mér þykir rosalega vænt um. Það er ekkert sem segir manni að vera alltaf í botni þó svo að rallið snúist um að vera fyrstur. Aðalmálið er að líða vel undir stýri. Um leið og sú tilfinning er farin er voðinn vís.“ sagði Páll Halldór Halldórsson.



Páll Halldór Halldórsson (tv) ásamt Jóni Ragnarssyni sem er aðstoðarökumaður aðalkeppinautar Páls, Rúnars Jónssonar.



Við ábyrgjumst heilbrigða húð

Hljómar það ótrúlega?

Ekki að okkar mati. Sjáðu til, milljónir kvenna um allan heim nota og elska 3ja þrepa húðumhirðukerfið frá Clinique. Ástæðan er eins einföld og árangurinn er góður. Við getum ábyrgst að þú fáir fallega og heilbrigða húð.

Ráðgjafinn er við allan sólarhringinn
<http://www.clinique.com>

Fallegar töscur sem innihalda
3ja þrepa húðumhirðukerfið
í ferðastærðum

Ráðgjafi frá Clinique
verður í versluninni
dagana 19. og 20.
september.

KRISMA
Ljóninu Skeiði
456 4414

UM HELGINA



Sóldögg

Stærðar dansleikur um helgina með ferskasta bandinu í landinu sem á vinsælasta lagið í sumar


Föstudags- og laugardagskvöld til kl. 03:00 - 18 ár



5 ára afmæli Pizza 67 á Íslandi


Í tilefni afmælis Pizza 67 gefum við Pizza 67 bol með öllum heimsendingum yfir 1.500 kr. á meðan birgðir endast. Smelltu þér á afmælis pizzu og fáðu æðislega flottan og mjög vandaðan bol.

ÍSÁFJARÐARBÍÓ



Breakdown

Fimmtudag kl. 21:00
Föstudag kl. 21:00
Sunnudag kl. 21:00
Mánudag kl. 21:00



Opnunartími í Vídeóhöllinni

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Mánudaga - föstudaga frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Verð á myndböndum:

Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!

Vandaðu til verks...
...verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin
- við Norðurveg
456 4853

Ert þú að leita að spennumúsíkansögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?

19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Simpson-fjölskyldan (20:24)

The Simpsons VIII
21.05 Kvennabósinn
The Heartbreak Kid
Áströlsk kvikmynd frá árinu 1993. Christina hefur nýlökkið háskólaprófi og kennir í menntaskóla þar sem hinn 17 ára gamli Nick er meðal nemenda og hefur meiri áhuga á knattspyrnu en skólabókum.

22.45 Fyrsta dauðasyndin
The First Deadly Sin
Bandarísk kvikmynd frá árinu 1980 þar sem Frank Sinatra leikur Ed Delaney, lögreglumann í New York borg, sem á aðeins fjar vikur eftir til þess að komast á efurlaun þegar hann flækjst inn í undarlegt morðmál.

00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.50 Hlé
11.50 Formúla 1
14.00 Íslandsmótíð í knattspyrnu
16.00 Um hraðbrautir loftslins
16.30 Stríðsárin köldu
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Málverkið (2:3)

En god historie for desmá: Tävlingen
18.25 Sonur sýslumannsins (1:6)
Lánsmannens Arvo och jag
19.00 Í blíðu og stríðu (6:13)

Wind at My Back II

19.50 Veður

20.00 Fréttir

20.30 Nærmynd

21.00 Zorn (3:3)

22.00 Helgarsportíð

22.30 Gettysburg (3:3)

Gettysburg

Bandarísk stórmynd í þremur hlutum gerð eftir Pulitzer-verðlaunaverki Michaels Shaara. The Killer Angels. Í myndunum er fjallað um ógnþrungin og órlagarík átök herja norðan- og sunnanmanna í Þrælastríðinu.

00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



TV-SPORT



Föstudagur 19. september kl. 16:50

Silkeborg - Lyngby

Laugardagur 20. september kl. 16:30

Bolton - Manchester United

Sunnudagur 21. september kl. 12:55

AGF - AB

Sunnudagur 21. september kl. 15:55

Roda - Heerenveen

Mánudagur 22. september kl. 16:55

Viborg - Aalborg Chang.

Miðvikudagur 24. september kl. 18:55

Manchester United - Chelsea

TV 3 - NOREGUR

Miðvikudagur 17. september kl. 18:00

Real Madrid - Rosenborg

Miðvikudagur 17. september kl. 20:45

FC Kosice - Manchester United

TV 3 - SVÍÐJÓÐ

Miðvikudagur 17. september kl. 18:00

Paris Saint Germain - IFK Göteborg

TV 3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 17. september kl. 18:30

Newcastle - FC Barcelona

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 20. september kl. 13:45

Bolton - Manchester United

Miðvikudagur 24. september kl. 19:45

Manchester United - Chelsea



Horfur á fimmtudag:

Suðvestlæg eða vestlæg átt, víðast fremur hæg en þó vaxandi þegar líður á daginn. Bjart veður austan til á landinu, skýjað en þurr að mestu vestanlands. Hlýnandi veður, hiti víða 7 til 10 stig síðdegis.

Horfur á föstudag:

Vestan- eða suðvestanátt, sums staðar nokkuð hvöss. Rigning eða súld og 8 til 10 stiga hiti um vestanvert landið en þurr og jafnvel bjart veður og allt að 15 stiga hiti austanlands.

Svipað veður áfram á laugardag en á sunnudag og mánudag lítur út fyrir suðlæga átt með hlýndum og vætu um sunnan- og vestanvert landið.

Glens & grín

Einu sinni voru Hafnfirðingur og Reykvíkingur í bíó þar sem allt virtist stefna í ógurlegan bardaga sem aðalhetjan tæki þátt í. Þá kvaðst Reykvíkingurinn vilja veðja upp á að aðalhetjan myndi deyja í bardaganum. Hafnfirðingurinn féllst á að taka veðmálinu. Úr varð mikill bardagi og hetjan féll. Þá sagði Reykvíkingurinn, ánægður með unnið veðmál: „Ég hafði séð myndina áður.“ Hafnfirðingurinn sagðist líka hafa séð hana áður en hann hefði ekki viljað trúa því að hetjan félli tvisvar fyrir sama bragðinu.

Þá var það Hafnfirðingurinn sem fór að læra sund í gegnum bréfskóla. Hann drukknaði á bls. 3.

Af hverju vilja Hafnfirðingar ekki eiga nema þrjú börn? Af því fjórða hvert bam sem fæðist er Kínverji.

Randa Torgid

Svala ...
Disa ...
Anna ...
Eva María ...
Michelle ...

In english!

66,50 mín.

* Djarfar frásagnir
* Kímní
* Einkalíf kvenna (hljóðritunir)

Evóísk afþreying

905-2000


Auglýsinga-síminn er

456 4560



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



Akstursstefnum breytt í miðbæ Ísafjarðar

Kynningin hefði mátt vera betri

Á miðnætti á sunnudagskvöld tóku í gildi breytingar á akstursstefnum í miðbæ Ísafjarðar. Akstursstefna um Hafnarstræti og Aðalstræti var breytt þannig að nú er einstefna niður Eyrina, frá Mánagötu að Pollgötu. Þá er bannað að leggja ökutækjum í Hafnarstræti, milli Mánagötu og Hranngötu og einstefnu um Mánagötu hefur verið breytt þannig að í stað þess að ekið sé frá Fjarðarstræti inn Mánagötu, er ekið frá Hafnarstræti og út Mánagötu.

Vegna breytinga á umferðarstefnu í Hafnarstræti og Aðalstræti var talið nauðsynlegt að skipta götunni í þrjár akgreinar, þ.e. tvær niður Eyrina og eina upp. Breyting þessi hefur í för með sér að ekki er heimilt að leggja ökutækjum í Hafnarstræti, milli Mánagötu og Hranngötu. Til að gera breytingarnar mögulegar og til að gera umferðina öruggari hafa verið settar upp þrjár umferðareyjar auk þess sem merkingar verða auknar á gatnamótum Skutulsfjarðarbrautar, Hafnarstrætis og Pollgötu. Þegar breytingin tók gildi á miðnætti á sunnudagskvöld, vantaði mikið á að merkingar væru til staðar



Ökumaður þessarar bifreiðar átti í vandræðum með að beygja úr Sólögötu og niður í Hafnarstræti á dögnum og þurfti að aka upp á umferðareyjuna til að komast leiðar sinnar.

auk þess sem þriðju umferðareyjuna vantaði.

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði, gekk umferðin um miðbæinn vel á mánudag og voru aðeins örfá tilfelli þess efnis að ökumenn ækju samkvæmt gömlum vana þ.e. gegnt núverandi umferðarskipulagi. Ökumenn stærri ökutækja

munu hafa átt í vandræðum með að beygja úr Sólögötu niður Hafnarstræti vegna umferðareyju sem þar hefur verið sett upp, og mun þeim hafa verið bent á að aka aðrar leiðir s.s. um Túngötu. Íbúar við þá götu munu vera lítt hrifnir af aukinni umferð stórra bifreiða um götuna, enda mikið um ung

börn að leik í næsta nágrenni við götuna.

„Allar umferðamerkingar í Ísafjarðarbæ er yfir höfuð lélegar og ég er sammála því að kynningin á breytingunum hefði mátt vera betri. Í upphafi var talað um að senda dreifirit í hús þar sem breytingarnar yrðu kynntar en af einhverjum

orsökum varð ekki af því. Slíkt hefði verið til mikilla bóta þar sem þessi breyting er í raun mun stærra, heldur ef einstefnum á Hverfisgötu og Laugarvegi hefði verið breytt,” sagði Öundur Jónsson, yfirlöggregluþjónn á Ísafirði í samtali við blaðið.

Flugatvikið yfir Ísafjarðardjúpi

Nokkrar vikur í niðurstöðu

Nokkrar vikur munu líða til viðbótar þar til niðurstaða Rannsóknarnefndar flugslýsa, vegna flugatviksins yfir Ísafjarðardjúpi, þegar Metro flugvél Flugfélags Íslands lenti í erfiðleikum, liggur fyrir. Beðið er lokagagna frá sérfræðingum sem eru að störfum fyrir nefndina. Skúli Jón Sigurðarson, formaður Rannsóknarnefndar flugslýsa, segir í viðtali við Morgunblaðið, að samkvæmt gögnum sem

nefndin hafi undir höndum, sé ljóst að flugvélin hafi tekið þrjár dýfur í atvikarás sem hefði tekið um tvær mínútur.

„Hún var á eðlilegum klifurhraða og í eðlilegri flugstöðu þegar atvikarásin hófst. Flughraðinn var vel yfir skilgreindum ofrishaða flugvelarinnar þegar hann varð minnstur en nálægt hámarkshraða þegar hann var mestur. Í mestu dýfunni varð hæðartap flugvelarinnar rúmlega 2.000 fet

og hún fór ekki niður fyrir 3.100 feta hæð yfir sjó,” sagði Skúli Jón í samtali við Morgunblaðið og bætti við að vangaveltur um orsakir flugatviksins væru ótímabærar og óviðeigandi þar sem allar staðreyndir málsins lægju ekki fyrir.

Í síðasta tölublaði BB var grein eftir Hálfán Ingólfsson, flugmann á Ísafirði, þar sem fjallað er um atvikið. Í grein sinni leiðir Hálfán að því

líkur að vélin hafi t.d. fallið vegna ofriss og hann segist sannfærður um að helsta orsökina fyrir atvikinu séu „óvenjulegir flugeiginleikar vélarinnar og reynsluleysi flugmannanna á þessa flugvélategund”. Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands segir í samtali við Morgunblaðið að upplýsingar Hálfáns, sem eiga að vera komnar úr flugrita vélarinnar, séu kolrangar og því

félli það sem haldið væri fram í greininni um sjálft sig.

Sigurður Aðalsteinsson, flugrekstrarstjóri Flugfélags Íslands, segir mjög margt við grein Hálfáns að athuga og að það sé mjög alvarlegur hlutur, að jafn mikilsmetinn flugmaður á Ísafirði og hann blandi sér í málið með þessum hætti án þess að hafa réttar upplýsingar. Sjá nánar grein eftir Sigurð Aðalsteinsson á bls.11 í blaðinu í dag.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000

Ísafjörður
Reykjavík

kr. 3.565,-

Ísafjörður
Reykjavík
Ísafjörður

kr. 7.130,-

Önnur áhugamál!
til hvers?



Sól og golf

Sumarauki

Safnskortshafa

Verð frá

kr. 24.900,-



Samvinnuferðir-Landsýn

Söluskritstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390



SVALASTA VERÐIÐ Í BÆNUM

PÓLLINN HF.

Sími 456 3092 • Verslun 456 4594

Whirlpool frystikistur

138 ltr. 29.925,- stgr. 265 ltr. 36.985,- stgr.
325 ltr. 39.900,- stgr. 408 ltr. 46.455 stgr.

VERÐSPRENGJA

28" stereo sjónvarp

með öllu kr. 44.900,- stgr.

20" sjónvarp kr. 26.900,- stgr.

14" sjónvarp kr. 19.900,- stgr.